

16. febrúar 2015 kl: 19:30



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Ása Pedersen, Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Fræðsla um netnotkun. Ánægja ríkir með mætingu á auglýstan fund Heimilis og skóla og SAFT hér á Akureyri um snjallsíma- og tölvunotkun. Einnig þykir sú fræðsla sem 6. bekkur í grunnskólum bæjarins fékk um þetta málefni hafa verið afar gagnlegur og þarfur fyrir þennan aldur nemenda.
2. Virkni bekkjarfulltrúa. Stjórn foreldrafélagsins hvetur bekkjarfulltrúa til að koma upplýsingum til Sigríðar Ástu um hvað hafi verið gert í vetur eða fyrirhugað er að framkvæma með hverjum bekk fyrir sig. Minnt er á að ákveðið fjármagn fyrir hvern bekk er ætlað til þessara viðburða og hvetjum við sérstaklega til þess að það fjármagn sé nýtt nemendum til góða.
3. Tónmenntakennsla í Giljaskóla. Stjórn foreldrafélagsins leggur áherslu á mikilvægi þess að tónmenntakennsla verði við skólann í framtíðinni og að úr því verði bætt á næsta skólaári. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla geta skólar skipulagt fyrirkomulag og áherslur sínar á sviði list- og verkgreina. Grunnskólar hafa ákveðinn fjölda kennslustunda sem ætlaður er til list- og verkgreina hvert skólaár. Tónmennt er hluti af heildarmagni þessa tíma og því gerum við ráð fyrir að aðrar list- og verkgreinar fái meiri tíma þegar tónlistarkennsla er ekki í stundatöflu nemenda eins og skólaárið 2014-2015. Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir því að tónlistarkennsla verði hluti af námi allra nemenda við skólann og beinum við áherslum okkar til stjórnenda skólans og skólaráðs Giljaskóla sem ætlað er að fjalla um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
4. Brettapallar við Giljaskóla. Ellert tekur að sér að hafa samband við hverfisnefnd Giljahverfis og kanna stöðuna á fyrirhuguðum framkvæmdum hvað varðar brettapalla á lóð Giljaskóla.
5. Fræðsla fyrir miðstig. Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir hugmyndum að fyrirlestri eða fræslu sem hentar fyrir nemendur á miðstigi í skólanum og miða að forvörnum og fræðslu. Sigríður Ásta ætlar m.a. að kanna hvort fagaðilar fáist til að halda fyrirlestur um samskipti og sjálfsmynd fyrir þennan aldurshóp.
6. Leiksýning fyrir yngsta stig. Ákveðið að kanna hvaða leiksýningar eru í gangi um þessar mundir og fram á vor og hvort hægt sé að fá eitthvað þessháttar í skólann fyrir nemendur á yngsta stigi. Berglind Bergvins ætlar að athuga hvort leikhópurinn Lotta hafi möguleika á að sýna leikrit.
7. Endurnýjun á sófa. Ákveðið var að foreldrafélagið komi að einhverju leyti að kaupum á nýjum/öðrum sófa fyrir nemendur til að hafa í Dimmuborgum. Höfum við heimildir

fyrir því að það þygi kominn tími á endurnýjun þar sem sá gamli virðist hanga saman á þrjóskunni einni saman.

Fundi slitið kl. 20:30.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 9. mars 2015 klukkan 19:30

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir